STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1983

Nr. 315 526 31. maí 1983

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR.2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA, EBE og EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA, EBE og Spáni gegn framvísun á EUR.2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR.1 eða EUR.2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra verðmætismarka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

	Land	Mynt	Smásendingar, 240 RE	Persónulegur farangur ferðamanna, 680 RE	EUR.2 mörk, 3 400 RE
EFTA:	Austurríki	ATS	4 000	12 000	57 000
og	Finnland	FIM	1 200	3 300	17 000
SPÁNN:	Ísland	ISK	3 300	9 300	47 000
	Noregur	NOK	1 600	4 450	22 000
	Portúgal	PTE	20 000	56 000	280 000
	Spánn	ESP	26 000	75 000	365 000
	Sviss	CHF	500	1 400	6 900
	Svíþjóð	SEK	1 500	4 000	20 000
EBE:	Belgía	BEF	11 000	31 000	155 000
	Bretland	GBP	135	375	1 870
	Danmörk	DKK	2 000	5 600	28 000
	Frakkland	FRF	1 600	4 500	22 600
	Grikkland	GRD	16 000	45 000	227 000
	Holland	NLG	600	1 750	8 750
	Írland	IEP	170	470	12 350
	Ítalía	ITL	318 000	900 000	4 500 000
	Luxemburg	LUF	11 000	31 000	155 000
	Þýskaland	DEM	570	1 600	8 000

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi fyrirmæli fjármálaráðuneytisins um sama efni í umburðarbréfi þess dags. 10. júní 1981.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1983.

Albert Guðmundsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.